

# Reglugjörð

## fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um lækning hunda af bandormum.

### 1. gr.

Sýslunefndin skipar einn hæfan mann í hverjum hreppi og annan til vara, er annast skulu hreinsun hunda í hreppnum. Hreinsunarmaður skal hafa hreinsunina á hendi 6 ár samfleytt. Sýkist hreinsunarmaður eða hindrist á annan hátt að ósjálfráðu, skipar hreppstjóri til bráðabirgða annan mann til að ganga í hans stað.

### 2. gr.

Alla hunda, fjöggra mánaða og eldri, skal hreinsunarmaður hreinsa einu sinni á ári, í nóvembermánuði, með arekadufti, eða öðru lyfi er dýralæknir teldi hentugra, og baða þá strax á eftir úr öruggu fjárbaði, og skal hreinsunarmaður þá samstundis brenna saurindi hinna hreinsuðu hunda eða grafa, minst einn metra í jörðu niður. Sömuleiðis skal hann hreinsa kofann vandlega á eftir úr baðleginum.

### 3. gr.

Hundana skal hreinsa á einum til þrem stöðum í hverjum hreppi, og skal hlutaðeigandi hreppsnefnd sjá um útvegum á hæfilegum kofum á hentugum stöðum, ef fáanlegir eru, annars að sjá um, að bygðir sjeu slíkir kofar til þess að geyma hundana í meðan á hreinsuninni stendur, og sömuleiðis útvega baðker til afnota við böðun hundanna, og helsi svo að binda megi hundana ef hreinsunarmaður krefst þess. Kostnaður fyrir áhöld eftir þessari grein greiðist úr hrepps- sjóði. Hreppsnefndin sjái um útvegum baðlyfja gegn borgun úr sýslusjóði.

### 4. gr.

Hreinsunarmaður auglýsir með viku fyrirvara hve nær hreinsunin skuli fram fara á hverjum stað, og skulu eigendur hundanna skyldir að koma með þá á tilteknum tíma og hjálpa til að gefa þeim inn endurgjaldslaust. Hreinsun hunda utan læknisstaða er með öllu fyrirboðin.

### 5. gr.

Verði vart við bandorma í einstökum hundum milli hreinsunartíma, skulu eigendur þeirra eða aðrir, tilkynna það hreinsunarmanni, sem sjer um hreinsun þeirra svo fljótt sem unt er samkv. 2. gr. Þó skulu þeir eigi vera undanþegnir hreinsun á hinum fyrirskipaða tíma í nóvembermánuði.

## 6. gr.

108

15. júní

Í minst 12 klukkutíma áður en hundinum er gefið inn, má hann ekkert fá að jeta eða drekka. Ef hundurinn fær klýju af meðalínu verður að leitast við að koma í veg fyrir að hann kasti því upp. Endurtaka skal inngjöfina ef meðalið verkar ekki. Hver hundur sje látinn standa inni 4 klukkustundir eftir að honum var gefið inn.

## 7. gr.

Nú valda lögleg forföll að hundur kemur eigi til hreinsunar á ákveðnum tíma, og skal þá eigandi hans færa hann til hreinsunarmanns svo fljótt sem unt er, sem svo fer með hundinn á hinn ákveðna stað til hreinsunar. Fyrir það ómak ber eiganda hundsins að greiða hreinsunarmanni hæfileg daglaun.

Verði ágreiningur skal hreppstjóri úrskurða kauphæðina.

## 8. gr.

Komi eigendur hunda ekki með þá til hreinsunar og hafi ekki forföll, varðar það 5—20 kr. sekt.

## 9. gr.

Hreppstjórar skulu láta hreinsunarmanni í tje skrá yfir framtal á hundum í hreppnum, er hann hefir með sjer við hreinsunina, og bók er sýslumaður hefir löggilt. Skal hann í bókina rita tölu þeirra hunda er til eru á heimilinu, tölu þeirra hunda er lyfið hreif eigi á, og tölu þeirra er hreinsuðust.

Verði hreinsunarmaður var við fleiri hunda á heimili en taldir eru á framtalsskrá hreppstjóra, skýrir hann hreppstjóra tafarlaust frá því.

## 10. gr.

Þegar hreinsuninni er lokið, skal hreinsunarmaður senda hreppstjóra skýrslu um árangur hreinsunarinnar eftir fyrirmynd er sýslumaður semur. En hreppstjóri sendir aftur sýslumanni skýrsluna fyrir árslok með árituðu vottorði um að hún sje rjett, að því er hann viti best.

## 11. gr.

Alla hunda skal auðkenna annaðhvort með sauðfjarmarki eiganda eða með leðurbandi um háls, er á sje letrað nafn eiganda og heimili. Ómerkta hunda er hreinsunarmanni heimilt að drepa hvar sem þeir hittast, en skylt er honum að drepa þá hunda er eigi hafa notið hreinsunar. Fyrir að drepa ómerkta eða óhreinsaðan hund skal greiða 40 aura.

## 12. gr.

Greiða skal hreinsunarmanni eina krónu fyrir hreinsun hvers hunds. Sýslusjóður geldur hreinsunarmönnum, borgar bækur þeirra, hreinsunar- og bœðunarlyf og borgar fyrir að drepa ómerkta og óhreinsaða hunda.

## 108

## 13. gr.

15. júní

Hreppstjórar og hundahreinsunarmenn skulu árlega áminna hreppsþúa um að taka alla sulli og meinsemdir er finnast í sláturfje og annaðhvort brenna eða grafa djúpt í jörðu niður; eins skal farið með hausa af höfuðsóttarfje.

## 14. gr.

Brot á reglugjörð þessari varða hreinsunarmenn 5—50 kr. sekt, en almenning 5—20 kr. sekt, og ákveður sýslumaður sektina eftir málavöxtum. Ljósti annar en hreppstjóri upp broti, fær hann helming sektar, en hinn helmingurinn rennur í hlutadeigandi sveitarsjóð. Hreppstjórar skulu gæta þess vandlega, að reglugjörð þessari sje fylgt.

## 15. gr.

Með mál útaf brotum gegn reglugjörð þessari skal farið sem opinber lögreglumál.

## 16. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. september 1918 og er frá sama tíma úr gildi numin reglugjörð um hundalækningar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 27. apríl 1898.

Samþykkt af sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu á aðalfundi 10. apríl 1918.

Skrifstofu Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, 15. júní 1918.

*P. V. Bjarnason.*

## 109

**Auglýsing**

6. apríl

**um yfirsetukvennaumdæmaskipun í Suður-Þingeyjarsýslu.**

1. Umdæmi: Húsavíkur og Tjörnesshreppar
2. — Aðaldælahreppur
3. — Reykdælahreppur
4. — Skútustaðahreppur
5. — Bárðdælahreppur
6. — Ljósavatnshreppur
7. — Hálshreppur
8. — Flateyrarhreppur og Þönglabakkasókn
9. — Grýtubakkahreppur nema Þönglabakkasókn
10. — Svalbarðsstrandahreppur.

Skrifstofu Þingeyjarsýslu, Húsavík, 6. apríl 1918.

*Steingrímur Jónsson.*